



Kópavogi, 22. nóvember 2022
2010555/035.00 RH

Betri vinnutími – stytting vinnuvikunnar

Samkomulag um styttingu vinnuvikunnar hjá stjórnendum í grunnskólum

Í kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem undirritaður var 26. ágúst 2021 er kveðið á um styttingu vinnuviku. Samkomulag um útfærslu vinnutíma **gildir frá 1. september 2022.**

Menntasvið Kópavogsbæjar í samráði við skólastjórnendur lagði til að hver skóli veldi eina af eftirfarandi leiðum, sem fram koma í kjarasamningi, við útfærslu vinnutímastyttingar stjórnenda í hverjum skóla:

Leið A. Vinnutími stytstur um sem nemur 13 mínútum á dag miðað við 40 stunda vinnuviku.

Í kjarasamningi, grein 2.1.4.2, eru taldir upp lögbundnir frídagar (alls 17). Kjósi stjórnendur að fara þessa leið er gert ráð fyrir að þeir vinni vetrarfrídaga, dymbilviku og milli jóla og nýárs. Þá eiga þeir sem samsvarar 13 mínútum á dag til umráða og geta valið eina þessara leiða til að taka út styttinguna:

- a. Safnað upp innan ársins – 5,53 dagar
- b. Mánaðarleg stytting – 21,67 dagar x 13 mín. = 4,7 klst.
- c. Hver vika styttist – 5 dagar x 13 mín. = 65 mín.
- d. Hver dagur styttist um 13 mínútur
- e. Vinnutímastytting með öðrum hætti – t.d. blanda af leiðum

Vinnutími starfsmanna í hlutastarfi styttist hlutfallslega.

Leið B. Vinnutími stytstur í sem nemur 36 stunda vinnuviku miðað við 40 stunda vinnuviku.

Vinnuvikan er stytt sem nemur allt að 4 stundum á viku, úr 40 stunda vinnuviku í allt að 36 virkar vinnustundir. Samhliða því verður grein 3.1 í kjarasamningi óvirk (um matar- og kaffitíma á dagvinnutímabili), þ.e. starfsmenn fá neysluhlé í stað hádegismatar.

Vetrarfrídagar, frí í dymbilviku og frí á milli jóla og nýárs gengur upp í styttingu, þ.e. þessir dagar samsvara 14 dögum á skólaári (meðaltal). Eftir standa 9 dagar yfir árið sem hægt er að taka til styttingar með mismunandi hætti. Framkvæmd styttingar vinnuviku fyrir skólastjórnendur gæti miðast við eftirfarandi leiðir:

- a. Hver dagur styttist
- b. Hver vika styttist
- c. Safnað innan mánaðar
- d. Safnað upp innan ársins

Vinnutími starfsmanna í hlutastarfi styttist hlutfallslega.



Leið C. Vinnutímastytting með öðrum hætti t.d. eingöngu annar kaffitími seldur

Vinnutími starfsmanna í hlutastarfi stýttist hlutfallslega.

Niðurstaða:

Menntasvið leggur til við Bæjarráð að leið B verði samþykkt fyrir stjórnendur í öllum grunnskólum Kópavogsbæjar.

Ofangreind tillaga byggir á eftirfarandi:

- Skólastjórar funduðu með Menntasviði og samhljóða var samþykkt að skólastjórar og stjórnendateymi í viðkomandi skóla fylgdu sömu útfærslu.
- Skólastjóri í hverjum skóla hélt samráðsfundi með stjórnendateymi eins og kveðið er á um í leiðbeiningum frá samningsaðilum og kosið var milli ofantalinna leiða. Niðurstaða kosninga var samhljóða í öllum grunnskólum bæjarins, valin var leið B.

Stytting vinnuvikunnar hjá stjórnendum í grunnskólunum er tilraunaverkefni til eins árs og verður endurskoðað að ári liðnu.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri menntasviðs

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar

